

51. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða ef hann er ekki fær um það úr ríkissjóði.

52. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Eskifjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um gerðardóm skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

1. gr.

Gerðardómur skipaður skv. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sker úr ágreiningi um þóknun til höfunda í þeim tilvikum, þegar lögin heimila afnot verks að því tilskildu, að höfundu sé greidd þóknun, enda séu aðilar sammála um að leggja ágreiningsefnið undir úrskurð dómsins.

Dómurinn úrskurðar einstök ágreiningsatriði milli höfunda og greiðenda, svo og kjaraatriði í heildarsamningum milli stéttarfélags höfunda og greiðenda, sem ágreiningur er um, sbr. 1. mgr. 16. gr., 3. mgr. 17. gr., 2. mgr. 20. gr., 1. tölul. 21. gr., 23. gr. og 1. mgr. 49. gr. höfundalaga. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn ágreinings og bindur aðila sem samningur þeirra í milli.

2. gr.

Gerðardómur tekur deilu til meðferðar, er honum hafa borist greinargerðir aðila um ágreiningsefni.

Í greinargerðum, sem vera skulu skriflegar, skulu koma fram kröfur aðila. Þar skal koma fram, um hvað aðilar eru sammála og hver ágreiningsefnin eru. Um þau skal í greinargerðunum vera ítarleg reifun atvika og rökstuðningur krafna. Gerðardómnum er heimilt að afla frekari gagna, en jafnan skal gefa aðilum kost á að tjá sig á ný um málið, áður en það er tekið til úrskurðar.

3. gr.

Þóknun til gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við störf dómsins skv. reikningi, sem menntamálaráðherra úrskurðar. Þegar dómurinn úrskurðar einstök ágreiningsatriði milli höfundar og greiðenda, getur hann kveðið á um málskostnað.

4. gr.

Reglur þessar eru settar, að höfðu samráði við höfundaréttarnefnd, skv. heimild í 2. mgr. 57. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni nr. 430/1974.

Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUR

um flutning á hættulegum varningi.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar skulu gilda um allan flutning á hættulegum varningi með íslenskum skipum, nema þegar hættulegur varningur er fluttur laus í farmrymum eða farmgeymum skipa, sem sérstaklega eru útbúin til þeirra flutninga.

2. gr.

Flokkur.

Ákvæði 1. gr. skulu gilda fyrir eftirtalda flokka efna:

- Flokkur 1 — Sprengiefni.
- Flokkur 2 — Gastegundir: Þjappaðar, þéttar eða í upplausn undir þrýstingi.
- Flokkur 3 — Eldfimir vökvar.
- Flokkur 4 (a) — Eldfim föstefni.
- Flokkur 4 (b) — Eldfim föstefni sem hætt er við sjálfsvikun.
- Flokkur 4 (c) — Eldfim föstefni sem gefa frá sér eldfimar gastegundir, ef þau komast í snertingu við vatn.
- Flokkur 5 (a) — Oxiderandi efni.
- Flokkur 5 (b) — Lífræn peroxíð.
- Flokkur 6 — Eiturefni.
- Flokkur 7 — Geislavirk efni.
- Flokkur 8 — Ætandi eða tærandi efni.
- Flokkur 9 — Önnur hættuleg efni, sem reynst hafa eða reyna kunnast hættuleg og falla því undir ákvæði þessara reglna.

3. gr.

Frágangur farms og merking.

- 3.1. Hvað varðar umbúðir, merkingu, búlkun og hleðslu einstakra efna, skulu gilda ákvæði í International Maritime Dangerous Goods Code, IMDG-CODE, fyrir flutning á hættulegum varningi, og skal merking fara fram, áður en varningurinn er látinn í skip. Til glöggvunar eru, á fylgiskjali með reglum þessum, birtar myndir af merkingum efna skv. flokkun þeirra í IMDG-Code, sbr. 2. gr. þessara reglna. Stærð og útlit merkimiða skal vera eins og fram kemur í fylgiskjali.